

Sjávarútvegserindi Þekkingarseturs Vestmannaeyja

Mikill verðmunur vegna vottunar

Dæmi eru til þess að verðmunur MSC-vottaðra og óvottaðra afurða nemi tugum prósentu.

GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@fiskifrettir.is

Gísli Gíslason, svæðisstjóri MSC, segir sjávarútvegsfyrirtæki hafa margs konar ábata af því að vera með MSC-vottun, það geti bæði auðveldað aðgang að mörkuðum og tryggt betra verð. Hann tekur þó fram að MSC geti engu lofað um slíkt.

Bæði hann og Óskar Sigmundsson, framkvæmdastjóri Maróss GmbH, ræddu vottunarmál á fjarfundi Þekkingarseturs Vestmannaeyja í síðustu viku.

Gísli nefndi þar að ritrýndar greinar hefðu staðfest verðmun í stórmörkuðum þar sem MSC-vottaðar vörur seljast á kannski tíu til fimmtán prósentu hærra verði en sambærilegar vörur. Í sömu greinum sé einnig staðfesting á því að svipaður verðmunur sé á línuveiddum fiski og öðrum fiski, þegar það er tiltekið í verslunum hvort um sé að ræða línuveiddan fisk eða ekki.

Fyrsti vottaði karfinn

Hann tók dæmi af gullkarfaveiðum sem fékk MSC-vottun árið 2014: „Gullkarfi á Íslandi var fyrsti vottaði gullkarfinn í MSC-kerfinu, og er í raun enn eini vottaði gullkarfinn.“

Gísli lét gera fyrir sig könnun á uppboðsmarkaði á Íslandi og niðurstöðurnar voru þær að á tólf mánaða tímabili fyrir gullkarfavottun árið 2014 var verð á gullkarfa 12 til 19 prósentum



ég í síðustu viku tilkynningu um að hann væri kominn inn í það skírteini. Ástæðan hafi verið sú, sagði mér sá sem er handhafi þess skírteinis, að í síðustu löndun hefði hans afli selst hægar og þeim hefði reiknast til að það væri um það bil átta prósent lægra verð sem hann fékk. Þannig að hann er kominn í skírteinið núna.“

Á gullkarfaveiðum en tegundin hefur notið sérstöðu í Þýskalandi vegna vottunar.

ADSEND MYND

hærra en á djúpkarfa, en á 12 mánaða tímabili eftir að vottun fékkst var verðmunurinn kominn upp í 25 til 39 prósent.

„Það má færa rök fyrir því að þarna sé verðmæti vottunar eitthvað að tikka inn.“

Óskar Sigmundsson, framkvæmdastjóri í Marós, tók undir þetta en fyrirtæki hans hefur langa reynslu af markaðssetningu á gullkarfa í Þýskalandi. Nú sé einnig að skapast markaður þar fyrir steinbít og Óskar nefnir einnig að tækifæri geti skapast fyrir íslenska sumargotssíld ef hún nær MSC-vottun, fari svo að vottun norsk-íslensku síldarinnar verði afturkölluð um áramótin eins og allt stefnir í.

Gísli segir einnig frá dæmi um þorsk- og ufsaveiðar í Barentshafi þar sem hver veiðipjöld er komin með sitt MSC-skírteini. Gísli sagðist vita til þess að einn togari hefði ekki viljað vera með í vottuðum veiðum síns lands þar, „en nú fékk

Allt fyrir hreinlætið



Tork rúlla, einfaldur 320 M

Vnr. 6487 128208

Matvælavottaðar handþurrkur, dregið úr miðju.



Tork gólfstatíf

Vnr. 6487 652000

Tork gólfstatíf fyrir stórar rúllur. W1 Turquis blátt/hvítt.



Tork express mjúkur

Vnr. 6487 84810148

Handþurrkur, miðþurrkur í Z-broti.



Tork Heavy-Duty klútur 53

Vnr. 6487 84810180

Rakagleypin, þykkur og varanlegur. Polir erfíða hreinsun án þess að falla í sundur.

“Gullkarfi á Íslandi var fyrsti vottaði gullkarfinn í MSC-kerfinu, og er í raun enn eini vottaði gullkarfinn.

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Ísafjörður s. 456 3574 • Húsavík s. 440 1448 • Blönduós s. 440 1339
Klettagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Höfn s. 478 1940
Reyðarfjörður s. 474 1293 • Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Alltaf til staðar

